

Einar E. Sæmundsen.

DAGBÓKARSKÝRSLA ÁRID 1925.

Dagbókarskýrsla árið 1925.

=====

27. júlí, mánudagur

Kom ég ofan frá Lögbergi og hitti þá Þorstein Þorsteinsson, sem sagði að skógræktarstjórinn vildi finna mig. Fór ég þá til hans. Var þá ákveðið að ég færi með hesta okkar Þorsteins inn í Fljótshlíð, en bræðurnir kæmu á bíl á miðvikudaginn og ætlum við þá að hjálpast að því að koma furunni inn í Þórmörk. En sjálfur ætlaði skógræktarstjórinn á hjóli daginn eftir og verða búinn að fara inn á Mörk, er við komum inneftir. Fór ég þá að undirbúa ferðina, þurfti að láta járna hestinn, sem þó varð ekki lokið fyrir kveldið og léttum við Þorsteinn hestana á geymsluplássið og höfðum þá þar um nóttina.

28. júlí, þriðjudagur

Fékk ég hestinn járnaðan, en tafðist lengi við að leita að Gunnari frá Selalæk, sem ég þurfti að finna. Ætlaði ég að vita hvernig staði á hestamörkuðum hans, og helst að komast í túr með honum, ef hann væri að kaupa eystra um það leyti sem við værum búnir að flytja inn á Mörk. En Gunnar fann ég ekki. Ég fór svo upp að Lögbergi og beið hans þar, en hann kom ekki og var ég þar nóttina.

29. júlí, miðvikudagur

Beið ég Gunnars fram undir nón, en hann kom ekki. Fór ég því af stað og ætlaði að þjórsá, en náttáði mig við skólann, vegna þess að komin var bullandi rigning er ég náiði pangab.

30. júlí, fimmtudagur

Hélt ég svo af stað, það árla, að ég var komin að þjótanda um kl. 8 árdegis. Þar áði ég dálitla stund og snæddi. Hélt svo af stað og kom hvergi fyr en í Djúpadal. Þar voru Óskar á Breiðabólstað og sýslumaður og ætlaði ég að verða óskari samferða austur. Hann sagði mér að skógræktarstjórinn væri fyrir innan og mundi bíða þar. Beið ég svo eftir þeim pangab til að bifreiðin með þá bræður kom en þá lagði ég af stað og fór mikinn. Kom ég hvergi, hélt áfram eins og klárarnir boldu alt inn að Núpi, því þá var billinn orðin á eftir, en ég hafði lofað að hafa til hesta handa þeim á þverá, eða Magnúsi, svo við gætum riðið inn að Múlakoti. Fór ég svo gatilegra úr því, er ég sá að mér lá ekki á,

Vegurinn slæmur og bíllinn því seinfara. Strandaði hann og talsvert fyrir utan þverá og varð að bera af honum. Hest fengum við á þverá handa Magnúsi og riðum svo inn að Múlakoti. En þegar þangab var komið fréttum við að skógræktarstjórið væri farinn alfarinn út á, og kæmi líklega ekki aftur að þessu sinni.

### 31. júlí, föstudagur

Ríðum við þorsteinn inn að Barkastöðum að reyna að fá par hesta til flutninganna inn eftir, en það var afsvar. Í Múlahverfinu skrópuðum við saman 8 hestum og héldum svo út að þverá, en þar á þeimum fengum við loforð fyrir 4 hestum daginn eftir ef ekki yrði burkur. Útbjuggum við svo klyfjar og bundum, svo alt yrði til reiðu daginn eftir. Fórum svo að Múlakoti til gistinga.

### 1. ágúst, laugardagur

Bjuggum við okkur snemma til ferðar, tindum saman hesta og fórum út að þverá. Upp úr hádeginu vorum við komnir með lestina að Múlakoti og vorum við par með 12 hesta undir burði. Vatn var allmikið í ánum, svo okkur þótti vissara að fá Árna í Múlakoti með. Gekk ferðin vel inneftir. Fórum með tjöld og vistir í Laugadal, en gিringarefnið út í Húsadal. Kl. 3 um nótina komum við út að Múlakoti, og urðum fegnir hvíldinni.

### 2. ágúst, sunnudagur

Um kyrrt í Múlakoti og hvíldum okkur.

### 3. ágúst, mánudagur

Brakandi perrir, svo að engir hestar fengust pann dag næ mundu fást daginn eftir. Vórum við því kyrrt í Múlakoti.

### 4. ágúst, þriðjudagur

Ágætis purkur enn og björguðu það miklu af töðum sínum. Fórum við út að þverá og bundum klyfjar. Um kveldið fór ég einn inn að Fljótsdal til þess að fá hesta til flutninga daginn eftir. Í Fljótsdal um nótina.

5. ágúst, miðvikudagur.

Fór ég frá Fljótsdal um miðjan morgun og hafði þaðan 6 hesta, 4 lagði Árni í Múlakoti til, 2 fengum við í Hlíðarendakoti, en 3 á Hlíðarenda. Og fórum við svo prír einir inneftir með burð á 14 hestum. Farnaðist okkur sæmilega þó slarksamt væri í vötnum. Fórum upp úr Laugardal og upp- undir Valahnjúk og gátum dreift girðingarefninu á þeirri leið, sem girða átti. Komum að Fljótsdal um háttatíma og skiluðum þangað hestunum; samdist þá svo með okkur og Úlf- ari bónda, að hann léði okkur það af hestum, sem hann gæti á föstudaginn og mann með inn eftir til þess að taka hest- ana til baka, því í þeirri ferð ætluðum við að fara alfar- ir inneftir. Héldum svo að Múlakoti og náðum þangað kl. 2 um nóttina

6. ágúst, fimmtudagur.

Um kyrrt í Múlakoti og hvíldum okkur.

7. ágúst, föstudagur.

Kom Óskar í Fljótsdal árla morguns með 8 hesta. Vórum við með 12 hesta undir burði. Hlaup var talsvert í vötnum, svo ekki var vandalaust að komast inneftir. Þó farnaðist okkur vonum framar, og vorum búnir að búa um okkur og tjálfa um miðnætti. Héldum við einum hesti Úlfars eftir til þess að reiða á efni o.fl. og samdist svo um að hann yrði innfrá á meðan þeir bræður voru að girða, og fengi Úlfar 2-kr. fyrir hann á dag.

8. ágúst, laugardagur.

Unnum við að því parna og að ganga betur frá okkur, slá hey og koma öllu dótinu fyrir. Fór ég dálítið um að skyggnast eftir plöntum. Komu 5 ferðamenn.

9. ágúst, sunnudagur.

Sólskin og veður hið besta. Heimsótti okkur 16 manns undan Útfjöllunum, sem legið hafði undir Valahnjúk um nóttina.

10. ágúst, mánudagur.

Fórum við Þorsteinn með allri girðingarálmunni og upp í Rjúpnafell og gerðum við helstu bilamirnar. En Magnús var í Tindfjallagili á meðan. Gerðum við svo við girðinguna þar og gengum svo frá þeim kafla, að auðvelt er að taka hann upp í haust. Dálítið leit ég eftir fræplöntum í Ham- raskógum.

11. ágúst, briðjudagur.

Bárum við og reiddum efni alla leið upp á Valahnjúk. Steyptu þeir þar niður staura, Magnús og Þorsteinn, en ég reiddi að þeim efnið, sand og vatn og dreifði staurum og vír eftir línumunni.

12. ágúst, miðvikudagur.

Haldið áfram sama starfi og daginn áður og skildum við verkum með okkur á sömu lund. Var erfitt að koma niður staurunum sums staðar fyrir klöpp, sem svo var grunnt á að taka varð af mörgum staurunum.

13. ágúst, fimmtudagur.

Héldu þeir bræður áfram að setja miður staura, en ég fór inn um Slyppugil, Litlaenda og Stóraenda að gá að fræplöntum og er sérstök skýrsla um það. Þá fór ég og allvíða um Goðaland og reyndi að kasta tölu á fé það er gengi þar. Var það 209 kindur er ég kom auga á, þar af um 100 í sjálfum skóginum á Goðalandi og kringum hann. Að þessu var ég mest allan daginn. Þótti mér mjög fagurt víða á Goðalandi. Skógurinn mun stærri en þeir gera sér í hugarlund, sem aldrei hafa komið þar. Finnst mér að ferðamenn hafi lítið séð af fegurð Þórsmerkur á meðan þeir hafa ekkert farið um Goðaland. Væri eflaust mikil þörf á að gírða Goðalands-skógin, enda virðist leiða af sjálfu sér að hann njóti sömu réttinda sem Þórsmörk, þegar búið er að loka skörðunum við Hvanná og gera sauðfé torsótt að komast þar yfir um og á Goðaland. Á seinni árum mun mjög lítið hafa verið höggvið í Goðalandi. Breiðabólstaðarkirkja á þar ítak en staðarhaldara þykir ekki svara kostnaði að sækja þangað.

14. ágúst, föstudagur.

Lokið við að setja niður alla staura, steypa horn og máttarstólpa. Fór ég allvíða um Húsaladal að athuga um fræplöntur.

15. ágúst, laugardagur.

Laust eftir hádegið lögðum við af stað út í Hlíð. Reið ég með bræðrum fram að Nauthúsagili, til þess að sýna þeim hrísluna og fannst þeim mikið um fegurð hennar. En þó tekur hún nú að eldast og væri nauðsynlegt að saga af henni nokkrar greinar. Reynihríslur hafa vaxið þar um gilið og náð allgóðum proska; svo þó að gömlu hríslurnar falli taka aðrar við. Héldum við svo yfir að Múlakoti og var allmikið í vötnunum.

16. ágúst, sunnudagur.

Um kyrrt í Múlakoti og var þar margt ferðamanna.

17. ágúst, mánudagur.

Héldu þeir bræður inn á Mörk og með þeim Halldór Hall-dórsson bankamaður, sem ætlaði að dvelja þar þangað til ferð félli út um. Var ég um kyrrt og tíndi um 300 fræplöntur (mest reyniplöntur) í garði Árna og bjó um þær í kössum, ef ske kynni að bjarga mætti þeim á þann hátt.

18. ágúst, þriðjudagur.

Ætlaði ég að halda út um. En von bráðar fylltist allt af ferðafólki, sem vildi komast inn á Mörk. Átti Árni svo annrikt að henn gat ekki farið. Réðist ég þá til fylgdar með því og Ólafur Túbals, því mest af þessu var kvenfólk, sem óvant var hestum og hvað þá vötnum. Gekk ferðin vel inneftir og lágum við í tjöldunum um nóttina og áttum gott.

19. ágúst, miðvikudagur.

Fór míg með fólkini um Hamraskóga og aðgætti þar þá fræplöntur um leið, fór svo um Húsadal og inn í Stórenda. Þaðan snerum við svo til baka og Halldór bankamaður með okkur. Fórum við í Gjána og hittum þar Sigurð frá Barkastöðum í fylgd með tveim útlendingum, og sagði hann Steinsholtsá lítt færa nema vönum mönnum. Var þá tekið að rigna og vildu útlendingarnir snúa aftur. Fórum við þá að Steinsholtsá og reið Sigurður ána; en það sáum við Ólafur að ekkert vit var að leggja í hana með stúlkurnar. Réðum við þá af að fara upp á svokallað "Lón" en það er í dalnum á bak við Fagraskógarfjall þar sem áin kemur úr jöklinum. Er sú leið torsótt upp á fjallið og niður í dalinn, en áin þar lygn og farnabist okkur vel yfir hana. Út yfir vötnin var slarksamt en fór þó vel. Hlaup var í þverá og sumir landálarnir í Múlahverfinu lítt færir. Um kveldið náðum við að Múlakoti hraknir og illa til reika eftir rigninguna og svolkið í vötnunum.

20. ágúst, föstudagur.

Fór ég frá Múlakoti og út að þjótanda. Þar var ég nóttina.

21. ágúst, fimmtudagur.

Skildi ég hest minn eftir á Þjótanda og tók mér far með bifreið frá B.S.R. Náði ég svo til Reykjavíkur um kveldið og var þá þessari för lokið. Höfðu þá til ferðarinnar gengið 25 dagar.

VATNA SKÓGARFÖR.

7. september, mánudagur.

Fór ég um kveldið ásamt Guðmundi hjá danska sendiherranum með hesta upp í Mosfellsdal. Var ég með 3 hesta og Guðmundur einnig. Ætluðum við að gista á Mosfelli, en fengum þar ekki inni. Héldum þá að Laxnesi í myrkri og náðum húsfreyjunni á fótum, er kvað gistingu heimila. Fluttum við svo hestana á haga og gengjum síðan til rekkju.

8. september, þriðjudagur.

Komu þeir í bifreið; skógræktarstjórinn ásamt syni sínum, og danski sendiherrann með 2 ungfrúum upp að Laxnesi. Var þá búist til ferða og lagt á Svínaskarð og áleiðis til Vatnaskógar. Skildu leiðir í Botnsvogi. Hélt skógræktarstjórinn ásamm syni sínum til gistingu í Stóra-Botni, en ég fylgdi sendiherranum og konunum að Saurbæ. Hélt ég svo þában norður í skóg og var nóttina hjá þeim Magnúsi og Þorsteini í tjaldi.

9. september, miðvikudagur.

Gat ég ekki sofið fyrir gigt í hnénu, svo ég klæddist með birtu og fór að reyna að rölta af mér. Haltraði ég inn í Oddakot og svo með allri girðingunni innúr og út með henni að ofan alla leið að dalshlíðinni. Skánaði mér í fætinum og hvíldi ég mig þangað til skógræktarstjórinn kom. Fórum við með girðingunni frá dalsheiði og niður að ósnum; síðan út Eyrafossi til þess að athuga þar sprengingar þar sem gerðar hafa verið til þess að fossinn yrði laxgengur. Um kveldið héldum við að Geitabergi og vorum þar nóttina.

10. september, fimmtudagur.

Fórum við frá Geitabergi og út í skóg. Dvöldum þar dá-litla stund. Héldum síðan að Saurbæ og áðum þar. Að því búnu var haldið, sem leið liggur inn að Stóra-Botni.

Par biðum við eftir kaffi. Lögðum síðan á Leggjabrjót og náðum til Þingvalla í myrkri. Gisti skógræktarstjórinn með syni sínum í Valhöll, en ég fór að Skógarkoti með hestana og fékk að hafa þá á túninu um nóttina. (Um morgun Þennan og reyndi ég að komast í samband við Daniel stjórnarráðsdyravörð, sem ég vissi að var fyrir austan og ætlaði ég að biðja hann að taka hest minn á þjótanda og koma með hann suður. En Daniel var þá að leggja af stað frá Ölfusárbrú suður, svo hann gat ekki sinnt því fyrir mig.)

11. september, föstudagur.

Héldum við suður um Mosfellsheiði og heim. Var þá ferð pessari lokið og höfðu til hennar farið 5 dagar.

- - -

Síðustu dagana í September var ég ýmislegt að snúast í Reykjavík vegna Þórsmerkurferðar þeirrar, sem þá var á höndum. 27. september símaði ég austur að Þjórsá að fá hest minn sendan suður, svo að ég gæti járnað hann. Þá reyndi ég og að ná sambandi við Jóhann í Skógarkoti til þess að vita um hvílupoka, sem pantabur hafði verið hjá honum. En í Jóhann náði ég aldrei. Hann í réttum og smalamennskunni, svo aldrei náðist í hann. Leið svo fram til 1. október að ekki var hestur minn kominn, en daginn eftir var ákveðið að ég legði af stað með hestana, en skógræktarstjórinn ætlaði að fara á hjóli austur að Tryggvaskála og bíða míni þar.

Þórsmerkurförl hin síðari.

2. október, föstudagur.

Loksins kom hestur minn, en var þá svo meiddur að engin tiltök myndu vera að leggja á hann fyrst um sinn. Lét ég nú járna hann. Átti ég að taka two hesta fyrir danska sendiherrann austur að Skála, en þegar til kom var annar haltur, svo ég fór aðeins með einn. Undir miðaftan lagði ég af stað. Aði ég dálitla stund á Lögbergi og keypti hey handa hestunum. Hélt svo upp á Hól og var talverður frjósandi um kveldið. Á Hólnum var ég nóttina og hestarnir í húsi við hey.

3. október, laugardagur.

Hélt ég frá Hólnum kl. 8. Hörsj á veginum og seinfarið. Fór ég heim að Reykjam í Ölfusi og sótti þangað hvílupoka. Við Ölfusárbrú beið míni skógræktarstjórin og áttum við þar nokkra stund. Héldum við svo að Þjórsábrú og vorum þar nóttina.

4. október, sunnudagur.

Fórum við seint af stað. Fengum rigningu, og settumst að Áegisíðu og vorum þar nóttina.

5. október, mánudagur.

Stórvíðrisrigning um nóttina og fram yfir hádegi. Fórum við ekki fyrr en veðrið skánaði og þá sem leið liggur að Garðsauka. Bíðum við þar nokkura stund eftir bílum að sunnan, því von var á Árnu í Múlakoti, en með honum ætluðum við inneftir. Kom og Árni og héldum við með honum að Múlakoti um kveldið.

6. október, briðjudagur.

Um kyrrt í Múlakoti og söfnuðum við reynifræi.

7. október, miðvikudagur.

Fórum við inn á Mýrk og Árni með okkur, rigning og leiðinlegt veður. Bjuggum um okkur í Stórenda.

8. október, fimmtudagur.

Veður gott. Komu nokkrir og var unnið að grisjun.

9. október, föstudagur.

Rigning og poka svo ekki þótti smalandi. En talsvert grisjuðum við, þó að illt væri og hrakviðri.

10. október, laugardagur.

Veður skárra. Haldið áfram að höggva og mörkin smöluð. Fórum við um Goðaland og út í Húsadal. Var ég í Réttunum að athuga féð. Vórum við enn í Stórenda nóttina og Árni með.

11. október, sunnudagur.

Söfnuðum fræi og héldum svo af stað út í Hlíð. Riðum flestir í Húsadal. Að Múlakoti um kveldið.

12. október, mánudagur.

Söfnuðum við enn dálitlu fræi í Múlakoti og héldum svo af stað. Komum að Breiðabólsstað og fórum að Efrahvoli um kveldið. Skrapp ég niður að Garðsauka með dót okkar og

kom því á bifreiðarstöð B.S.R. Að Efrahvoli vorum við svo nöttina.

13. október, briðjudagur.

Þegar ég tók hestana um morguninn var Örn minn haltur. Héldum við svo af stað, og var klárinn draghaltur allan daginn. Að Þjórsá skildu leiðir. Hélt skógræktarstjórinn vestur um, en þaðan átti ég að fara til Þingvalla og verða þar við grisja samkvæmt loforði. Hafði ég hesta skógræktarinnar eftir, en Örn mínum kom ég fyrir á þjótanda. Var ég svo nöttina í Þjórsártúni.

Taldi ég þá þórsmerkurförlinni lokið og höfðu til hennar farið 12 dagar.

ÞINGVALLAFÖR.

14. október, miðvikudagur.

Hélt ég frá Þjórsá, yfir Hvítá í Árhrauni, upp Grímsnes og að Laugarvatni um kveldið. Var ég þar nöttina. Óskabí Böðvar eftir að ég kæmi að Þingvallaförlinni lokinni og grisjaði þar í dalnum. Allur eldiviður ennbá óupptekinn og mundi bíða enn um stund vegna haustanna.

15. október, fimmtudagur.

Hélt ég frá Laugarvatni og út að Skógarkoti. Skrapp svo að Þingvöllum að hitta séra Guðmund. Kvað hann svo ástatt hjá sér að hann gæti ekkert sinnt mér fyrr en eftir helgi, svo ég fór aftur að Skógarkoti. Símaði þó fyrst til konu minnar, er sagði mér að bróðir minn sem legið hefði á spítala óskabí eftir að finna mig. Ekki gat Jóhann í Skógarkoti heldur látið taka upp skóg fyrir helgina. Var ég í Skógarkoti um nöttina.

16. október, föstudagur.

Fór ég upp að Hrauntúni og grisjaði með Halldóri stundarkorn. Var þar nöttina.

17. Október, laugardagur.

Grisjuðum við Halldór fram undir hádegi, þá fékk ég orð frá skógræktarstjóranum að hans væri þegar von frá Þingvöllum og skyldi ég bíða hans í Hrauntúni. Kom svo skógræktarstjóri og ræddumst við saman um stund. Fékk ég

leyfi hans að skreppa suður og fór ég þá út á Þingvöll og var svo heppinn að ná þar í flutningabifreið og komst með henni til Reykjavíkur um kveldið. Hestana bað ég séra Guðmund fyrir.

---

Tafðist ég svo í Reykjavík þrjá daga og fékk ekki bílfar hvernig sem ég reyndi, enda hafði veðrátta spillst, snjóð allmikið um helgina og útlitið slæmt.

---

#### 21. október, miðvikudagur.

Náði ég loks í bílfar að Heiðarbæ og gekk svo þaðan að Kárastöðum. Átti ég von á hestunum þangað, en þeir komu ekki. Varð ég því að ganga að Þingvöllum og var breyttur, bar ég tvennar klippur og þunga tösku. Á Þingvöllum náði ég svo í hestana og hélt að Skógarkoti. Þar var ég nóttina.

#### 22. október, fimmtudagur.

Var ég við þriðja mann frá Þingvöllum að grisja hjá Böðvarshól uppfrá vatnsvíkinni. Höfðu þeir byrjað þar daginn áður og gengið full nærrí. Er parna smár skógur og lélegur, en sr. Guðmundi gekk það til að láta grisja parna að þangað má komast með vagna.

#### 23 og 24. október, föstudagur og laugardagur.

Var ég að höggi í Skógarkoti um brekkurnar norður af Arnarsetri. Var þessa báða daga höggis og heimreiddir 60 hestar og lágu þó eftir um 20 hestb.

#### 25. október, sunnudagur.

Skrapp ég út að Þingvöllum og símaði til konu minnar. Samdist svo með okkur sr. Guðmundi að ég yrði með mönnum hans þriðjudaginn næsta í Sigurðarseli. Ennfremur óskaði Snæbjörn í Arnarfelli að ég tæki upp með sér í Gjábakka einhvern tíma áður en ég færi.

#### 26. október, mánudagur.

Fór ég með Halldóri í Hraunkúni inni í Lambahraun. Grisjuðum við þar og í kringum Víðivelli 15 hestburði. Í Hrauntúni um nóttina.

27. október, þriðjudagur.

Upp í Sigurbarseli með mönnum frá Þingvöllum. Grisjað par á 15 hesta og tók það skamma stund, því meira vildi sr. Guðmundur ekki og létt reiða þetta út að vegi. Fór ég þá til Skógarkotsmanna, sem voru að reiða heim og grisjaði par. Reiddu þeir heim 25 hesta þennan dag.

28. október, miðvikudagur.

Fórum við Jóhann að Gjábakka. Stóð Snæbjörn í byggingum og gat ekkert með mér farið. Fékk hann þá Jóhann til og tókum við upp á ca. 10 hesta. Héldum við svo þaðan og var þá veru minni lokid þar í sveitinni og hafði ég þá verið par 9 daga síðan ég fór úr Reykjavík. Fór ég að Laugarvatni um kveldið og var þar nöttina.

---

í Laugardal.

30. október, föstudagur.

Fór ég skóg þangað sem Teitur í Eyyvindartungu var að taka upp í Snorristaðarskógi, og leit eftir grisjun hans. Hjálpaði ég honum nokkura stund.

31. október, laugardagur.

Fór ég upp að Hjálmsstöðum að vita hvort þangað væru komnar klippur þar sem ég hafði pantat austur að Borg. En um nöttina höfðu menn komið að framan en ekki gert vart við sig á Laugarvatni. En sú ferð var til einskis. Þar voru ekki neinar klippur, svo ég sá ekki annað vænna en að skreppa niður að Borg daginn eftir og sækja þær.

1. nóvember, sunnudagur.

Reið ég niður að Borg og varð þeim samferða Böðvari og Páli er voru að fara niður á Eakka. Vóru klippurnar þar og fleira dót. Var ég á Borg nöttina og hafði hestana úti, enda var veður ágætt.

2. nóvember, mánudagur.

Begar taka átti hestana fundust þeir hvergi. Leitaði ég og drengir með mér viða í kring en kom fyrir ekki. Loksins frétti ég til þeirra austur undir Svínavatni og fékk drengi til þess að sækja þá, en þeir urðu að elta þá upp undir Þóroddsstöð. Voru hestarnir þá á leið upp í Laugardal. Hélt ég svo upp að Laugarvatni um kveldið.

3. nóvember, briðjudagur.

Í skógi með Magnúsi syni Böðvars. Leit ég eftir upptöku hjá Grafarmönnum, sem voru að sækja skóg á 5 hesta.

4. móvember, miðvikudagur.

Í skógi á Laugarvatni.

5. nóvember, fimmtudagur.

Sömuleiðis og taldist okkur þá til að upp mundi tekið um 50 hesta, en skógurinn var smár og kalinn.

6. nóvember, föstudagur.

Skrapp ég í skóg með Kristjóni í Útey og leit eftir upptöku hans, sótti á 4 hesta.

7. nóvember, laugardagur.

Fór ég upp að Hólum til þess að ákveða skógarhögg þar. Var þar nóttna. Samdist svo með okkur Ingvari að ég yrði þar í skógi næsta föstudag og laugardag ef veður spiltist ekki.

8. nóvember, sunnudagur.

Fór ég út að Laugarvatni og möluðum við girðinguna við Maggi og rákum úr henni 28 kindur, en misstum upp á fjöll.

9. nóvember, mánudagur.

Smalabi ég fjallið innan við bæ, með Böðvari og var réttab á Laugarvatni.

10. nóvember, briðjudagur.

Fór ég upp að Snorrastöðum og grisjaði þar um daginn með syni Sveinbjarnar í mórrauða smákjarr innan túngirðingar austar við Hjálmsstaðará. Fór ég svo út að Laugarvatni til þess að ná í Magnús Böðvarsson, sem ætlaði til Reykjavíkur daginn eftir. Purfti ég að skrifa með honum subur. En daginn eftir ætlaði ég svo að halda áfram að grisja á Snorrastöðum.

11. nóvember, miðvikudagur.

Rigning um morgunimn og herti veðrið þegar á daginn leið. Hreyfði ég mig ekkert og var á Laugarvatni.

12. nóvember, fimmtudagur. 13. nóvember, föstudagur.

14. nóvember, laugardagur. 15. nóvember, sunnudagur.

Alla þessa daga versta veður, rigning og snjóslitningur og var ég um kyrrt á Laugervatni.

16. nóvember, mánudagur.

Fór ég upp á Hjálmsstöðum. Var þá veður skárra, en ekki gátu þeir sinnt skógarvinnu. Hafði og Páll tekil upp og reitt heim þann skóg er hann ætlaði til vetrarins.

17. nóvember, þriðjudagur.

Frost mikil og stillt veður. Fóru menn þá til rjúpna. En ég gekk með gírðingunni og aðgætti hana. Þarf að herða á strengjum bæði í Stórhöfða og Ketilhöfða efst, en réttara að láta það bíða til vors, þráði strengi bætti ég, sem voru slitnir. Á Hjálmsstöðum um nóttina.

18. nóvemberkmiðvikudagur. 19. nóvember, fimmtudagur.

Báða þessa daga var ég á Hjálmsstöðum en skrapp þó í skóg á Snorristöðum.

20. nóvember, föstudagur.

Fór ég að Laugarvatni. Pennan dag var ekið heim á Laugarvatn um 30 hestburðum af búsi. Á Laugarvatni var ég svo nóttina.

21. nóvember, laugardagur.

Fór ég með Rauð upp að Hólum. Hafði ég beðið Gunnar gamla að smíða undir hann skaflajárn, því ísalög voru nokkur komin og ekki tiltök að komast á braut nema skaflajárnað. Var ég í skóg nokkura stund og grisjuðum við Sigurður vestan í brekkunum hjá sauðhúsunum, þar sem stóru hríslurnar eru.

22. nóvember, sunnudagur.

Skrapp ég til Miðdalskirkju. Járnuðum Rauð og var ég aftur í Hólum nóttina.

23. nóvember, mánudagur.

Var ég enn í skógi í Hólum með Sigurði.

24. nóvember, þriðjudagur.

Fór ég frá Hólum alfarinn og út að Laugarvatni. Var ég nú ráðinn í því að fara heimleiðis daginn eftir. En Böðvar mæltist til þess að ég stjaldraði við hjá sér nokkura daga og hjálpaði honum við skriftir og ýmsa skýrslugerð. Varð ég svo hjá Böðvari það sem eftir var vikunnar eða í 4 daga. Laugardaginn kom Grímur á Apavatni eftir skógi og fór ég með honum.

29. nóvember, sunnudagur.

Fór ég alfarinn frá Laugarvatni og niður að Ölfusá. Var ég í Tryggvaskála nóttina.

30. nóvember, mánudagur.

Símaði ég suður að láta vita að ég væri á heimleið. Sömu-leiðis símaði ég að Kallaðarnesi og lofaði Ólafur að senda eftir hestunum. Við Þjórsábrú talaði ég og fékk þær fréttir að Jarpur minn væri strokinn og líklega kominn til átthaga sinna í Fljótsdal. Náði ég svo í sæti í flutningabíl og komst til Reykjavíkur um kveldið. Höfðu þá vegna Laugardals-dvalar minnar farið 28 dagar, þegar frá eru dregnir þeir 4 dagar (25-28 nóv.) sem ég var við skriftir á Laugarvatni.

Reykjavík 29. janúar, 1926.

E. Sæmundsen.